

## FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/46/09

frá 19. desember 2012

## samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga á Nýja-Sjálandi (\*)

(tilkynnt með númeri C(2012) 9557)

(2013/65/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga <sup>(1)</sup>, einkum 6. mgr. 25. gr.,

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB er þess krafistað aðildarríkin sjái til þess að aðeins megi flytja persónuupplýsingar til þriðja lands ef það land tryggir fullnægjandi vernd og að farið hafi verið að lögum aðildarríkisins við framkvæmd annarra ákvæða tilskipunarinnar áður en flutningurinn á sér stað.
- 2) Framkvæmdastjórnin kann að komast að þeirri niðurstöðu að þriðja land tryggi fullnægjandi vernd. Sé svo er heimilt að flytja persónuupplýsingar frá aðildarríkjunum án þess að frekari tryggingar sé krafist.
- 3) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB skal meta gagnavernd með hliðsjón af öllum kringumstæðum sem hafa áhrif á gagnaflutningsaðgerð eða röð gagnaflutningsaðgerða, einkum með tilliti til tiltekinnna þátta sem skipta máli varðandi flutninginn.
- 4) Í ljósi þess hve ólíkar leiðir eru farnar að gagnavernd í þriðju löndum skal fara fram mat á fullnægjandi vernd og allar ákvarðanir, sem eru byggðar á tilskipun 95/46/EB, skulu teknar og þeim framfylgt á þann hátt að það hafi

hvorki í för með sér geðþóttabundna né óréttlætanagerlega mismunun gegn eða á milli þriðju landa þar sem skilyrði eru svipuð og skapi ekki heldur dulbúnar viðskiptahindranir, að teknu tilliti til skuldbindinga Evrópusambandsins á alþjóðavettvangi.

- 5) Nýja-Sjáland var áður bresk nýlenda. Landið varð sjálfstjórnarsvæði árið 1907 en sleit ekki formlegum stjórnskipulegum tengslum við Bretland fyrr en 1947. Nýja-Sjáland er einingarríki (e. *unitary State*) og hefur ekki skriflega stjórnarskrá í hefðbundnum skilningi rótgróins stjórnarskrárskjals. Í landinu er stjórnarskrárbundin konungsstjórn (e. *constitutional monarchy*) og þingbundið lýðræði (e. *parliamentary democracy*) samkvæmt Westminster-fyrirmyndinni þar sem þjóðhöfðinginn er drottning Nýja-Sjálands.
- 6) Nýja-Sjáland starfar samkvæmt meginreglunni um þingbundið fullveldi (e. *principle of Parliamentary sovereignty*). Þó eru allmörg lög sem eru almennt talin hafa sérstaka stjórnskipulega þýðingu og teljast vera „æðri lög“ (e. *higher law*). Í þeim skilningi mynda þau hluta af stjórnskipulegum bakgrunni eða landslagi með því að liggja til grundvallar starfsemi hins opinbera og samþykkt annarrar löggjafar. Enn fremur mætti búast við þverpólískri samstöðu þegar um er að ræða breytingu eða niðurfellingu á þessari löggjöf. Mörg þessara laga — lög um borgaraleg réttindi (e. *Bill of Rights Act*) frá 28. ágúst 1990 (opinber lög nr. 109 frá 1990), mannréttindalögin (e. *Human Rights Act*) frá 10. ágúst 1993 (opinber lög nr. 82 frá 1993) og lög um friðhelgi einkalífs (e. *Privacy Act*) frá 17. maí 1993 (opinber lög nr. 28 frá 1993) — skipta máli að því er gagnavernd varðar. Stjórnskipulegt mikilvægi þessarar löggjafar endurspeglast í þeirri hefð að taka verður tillit til þeirra við þróun nýrrar löggjafar eða þegar ný löggjöf er lögð til.
- 7) Lagareglur um vernd persónuupplýsinga í Nýja-Sjálandi eru að mestu leyti settar fram í lögum um friðhelgi einkalífs, eins og þeim var breytt með breytingarlögunum um friðhelgi einkalífs (upplýsingar yfir landamæri) frá 7. september 2010 (opinber lög nr. 113 frá 2010). Þau lög eru samþykkt á undan tilskipun 95/46/EB og takmarkast ekki við vélrænt unnin gögn eða skipulögð gögn í skráningarkerfi en gilda um allar persónuupplýsingar á hvaða formi sem er. Þau gilda um allan opinbera geirann og einkageirann, með fáum sértækum undanþágum í þágu almannaheilla sem búast mætti við í lýðræðisþjóðfélagi.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 28, 30.1.2013., bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2013 frá 14. júní 2013 um breytingu á XI. viðauka (Rafraen fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

- 8) Um er að ræða fjöldann allan af reglurömmum á Nýja-Sjálandi þar sem fengist er við málefni sem tengjast friðhelgi einkalífs með tilliti til stefnumála, reglna eða kvörtunarmála. Sumar reglurnar eru lögboðnar en aðrar taka til aðila í atvinnulífinu sem eru undir sjálfseftirliti, þ.m.t. reglur um fjölmiðla, beina markaðssetningu, óumbeðin rafræn boð, markaðsrannsóknir, heilbrigði og fötlun, banka-, váttrygginga- og sparnaðarþjónustu.
- 9) Til viðbótar við lögjöf, sem þing Nýja-Sjálands setur, er til staðar töluvert safn af fordæmisrétti sem á rætur sínar að rekja til ensks fordæmisréttar og felur í sér meginreglur um fordæmisrétt og reglur sem skipta máli varðandi gagnavernd. Á meðal grundvallarreglna um fordæmisrétt er meginreglan um að mannleg reisn einstaklings sé eitt af mikilvægustu atriðum laganna. Þessi meginregla um fordæmisrétt er lykilorðið í almennu ákvarðanatökufæri á sviði lagasetningar á Nýja-Sjálandi. Dómaframkvæmd á Nýja-Sjálandi er byggð á fordæmisrétti og felur einnig í sér fjöldann allan af þáttum tengdum friðhelgi einkalífs, þ.m.t. brot á friðhelgi einkalífs, brot á trúnaði og vernd gegn meiðyrðum, skerðing hagsmuna, áreitni, ærumeiðing, gáleysi og annað.
- 10) Gildandi lagareglur um gagnavernd á Nýja-Sjálandi ná yfir allar þær grundvallarreglur sem eru nauðsynlegar til að veita einstaklingum fullnægjandi vernd og í þeim er einnig kveðið á um undanþágur og takmarkanir til að vernda mikilvæga hagsmuni almennings. Þessar lagareglur um gagnavernd og undanþágur endurspeglar meginreglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB.
- 11) Beiting lagareglanna um gagnavernd er tryggð með stjórnarsýslu- og lagaúrræðum og með óháðu eftirliti sem framkvæmterafeftirlitsyfirvaldi, gagnaverndaryfirvöldum (e. *Privacy Commissioner*) sem starfa sjálfstætt og hafa heimildir sem settar eru fram í 28. gr. tilskipunar 95/46/EB. Enn fremur hafa allir hagsmunaaðilar rétt til að leita réttar síns fyrir dómstólum til að sækja skaðabætur vegna ólögmatrar meðferðar persónuupplýsinga.
- 12) Nýja-Sjáland skal því teljast veita fullnægjandi vernd persónuupplýsinga eins og um getur í tilskipun 95/46/EB.
- 13) Í þessari ákvörðun skal fjallað um hvort fullnægjandi vernd sé veitt á Nýja-Sjálandi með það í huga að uppfylla kröfur 1. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB. Hún skal ekki hafa áhrif á önnur skilyrði eða takmarkanir sem eru notuð til að framkvæma önnur ákvæði þeirrar tilskipunar sem varða vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum.
- 14) Til að tryggja gagnsæi og til að gera lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum kleift að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga um þá, er nauðsynlegt að tilgreina undantekningartilvik þar sem réttlætandi er að stöðva tímabundið tiltekna gagnasendingar þrátt fyrir að vernd sé talin fullnægjandi.

- 15) Starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, hefur skilað jákvæðu álit um að vernd persónuupplýsinga sé fullnægjandi á Nýja-Sjálandi <sup>(2)</sup> og tekið hefur verið tillit til þess við gerð þessarar framkvæmdarákvörðunar.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### 1. gr.

1. Að því er varðar 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB telst Nýja-Sjáland tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga sem fluttar eru frá Evrópusambandinu.

2. Lögbæra eftirlitsyfirvaldið sem ber ábyrgð á beitingu lagareglna um vernd upplýsinga á Nýja-Sjálandi, er tilgreint í viðaukanum við þessa ákvörðun.

##### 2. gr.

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geta, án þess að það hafi áhrif á heimild þeirra til að grípa til aðgerða til að tryggja að farið sé að ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt öðrum ákvæðum tilskipunar 95/46/EB en 25. gr., beitt valdi sínu til að stöðva tímabundið gagnasendingar til viðtakanda á Nýja-Sjálandi í því skyni að vernda einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga um þá í eftirfarandi tilvikum:

- a) þar sem lögbær yfirvöld á Nýja-Sjálandi hafa ákvarðað að viðtakandi brjóti gildandi reglur um vernd eða
- b) þar sem verulegar líkur eru á því að reglur um vernd séu brotnar, gild ástæða sé til að ætla að lögbært yfirvald á Nýja-Sjálandi geri ekki eða muni ekki gera nægilegar ráðstafanir í tæka tíð til að leysa málið sem um er að ræða, áframhaldandi gagnaflutningur mundi stofna hinum skráðu í hættu á að skaðast alvarlega og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum hafa gert verulegt átak í málinu til að veita þeim aðila viðvörðun sem ber ábyrgð á vinnslunni og hefur staðfestu á Nýja-Sjálandi og veitt honum tækifæri til andsvara.

2. Tímabundinni stöðvun skal aflétt jafnskjótt og tryggt er að farið sé að reglum um vernd og viðkomandi lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, sem hlut eiga að máli, hafa verið látin vita af því.

##### 3. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um ráðstafanir sem eru gerðar á grundvelli 2. gr.

(2) Álit nr. 11/2011 frá 4. apríl 2011 um vernd persónuupplýsinga á Nýja-Sjálandi. Má nálgast á vefsetrinu: [http://ec.europa.eu/justice/data-protection/article-29/documentation/opinion-recommendation/files/2011/wp182\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/justice/data-protection/article-29/documentation/opinion-recommendation/files/2011/wp182_en.pdf)

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem tryggja skulu samræmi við reglur um vernd á Nýja-Sjálandi, tryggja ekki slíkt samræmi.

3. Ef upplýsingarnar, sem er aflað skv. 1. mgr. 2. gr. og skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, leiða í ljós að einhver aðili, sem ber ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd á Nýja-Sjálandi, gegnir ekki hlutverki sínu á skilvirkan hátt skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru yfirvaldi á Nýja-Sjálandi um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fresta gildistöku þessarar ákvörðunar eða takmarka gildissvið hennar.

*4. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með framkvæmd þessarar ákvörðunar og greina nefndinni, sem var komið á fót skv. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB, frá öllum niðurstöðum þar að lútandi, þar á meðal öllum gögnum sem geta haft áhrif á

þá niðurstöðu í 1. gr. þessarar ákvörðunar að vernd á Nýja-Sjálandi sé fullnægjandi í skilningi 25. gr. tilskipunar 95/46/EB og öllum tilvikum þar sem framkvæmd þessarar ákvörðunar hefur haft mismunum í för með sér.

*5. gr.*

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 20. mars 2013.

*6. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. desember 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Viviane REDING

*varaforseti.*

*VIÐAUKI*

Lögbæra eftirlitsyfirvaldið sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þessarar ákvörðunar:

Gagnaverndaryfirvald:

Te Mana Matapono Matatapu

Level 4

109-111 Featherston Street

Wellington 6143

New Zealand

Sími: +64-4-474 7590

Tölvupóstfang tengiliðs: [enquiries@privacy.org.nz](mailto:enquiries@privacy.org.nz)

Vefsetur: <http://privacy.org.nz/>